

Nd.

585. Nefndarálit

[223. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., sent það til umsagnar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins og fengið þaðan umsagnir. Kallaðir voru á fund nefndarinnar ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, formaður húsnæðismálastjórnar og forstöðumaður veðdeildar Landsbanka Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. taldi sig ekki tilbúinn að taka afstöðu til málsins og óskaði eftir, að málinu yrði frestað til næsta fundar.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Ágúst Þorvaldsson.

Bjarni Guðnason.